

13. gr.

Á stimpilgjöld þau, er um ræðir í reglugerð þessari, bætist viðauki samkvæmt ákvæðum laga þeirra og auglýsinga, sem í gildi eru hverju sinni um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, sbr. nú lög nr. 94/1973 og auglýsingu nr. 364/1973.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 80 23. desember 1953, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 129/1941 og nr. 62/1967, auglýsingar nr. 164/1953 og 168/1973 og ráðuneytisbréf nr. 2/1956.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ,

verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, sbr. breytingu nr. 193/1974, um menntamálaráðuneytið, skipulag þess og starfsreglur, hér með breytt á þann veg að aftan við upptalningu verkefna H-deildar bætist: Dagvistunarstofnanir, sumardvalarheimili barna og sumarhúðir.

Inn í almennu ákvæðin aftast í auglýsingunni bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Fræðslustjórar samkvæmt grunnskólalögum nr. 63/1974 heyra beint undir ráðuneytisstjóra, en ekki neina sérstaka deild.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga
og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga.

1. gr.

Fyrning bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í 2. gr., skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, vera fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eignanna og innan þeirra marka, sem hér greinir: